

# Leiðbeiningar

## Leiðbeiningar um framtal starfa (ársmat og grunnmat)

Við grunnmat þarf að jafnaði ekki að skila inn fylgigögnum. Einungis skal senda rita- og ferilsskrá á tölvutæku formi á [framtal@hi.is](mailto:framtal@hi.is).

Allir sem taka laun skv. stigamati skulu skila inn skýrslu um störf fyrir 1. febrúar ár hvert. Störf eru metin til stiga samkvæmt matsreglum sem settar voru 17. desember 2021 og ræður stigafjöldi röðun í launaflokk. Skýrslan gildir jafnframt sem umsókn um greiðslu úr vinnumatssjóði, vinnumatssjóði nýdoktora og ritlauna- og rannsóknasjóði, eftir því sem við á. Greitt er úr sjóðunum 1. september ár hvert og ræður fjöldi rannsóknastiga hvernig sjóðurinn skiptist. Um leið er röðun í launaflokka endurskoðuð.

Skila skal inn skýrslu á þar til gerðu framtali í Uglu (Rannsóknir -> Framtal starfa). Matið byggir á innsendum upplýsingum og framlögðum gögnum og er því mikilvægt að upplýsingar séu sem gleggstar og að viðeigandi gögn fylgi framtali. Tækifæri gefst til þess að gera athugasemdir við mat.

Óski starfsmaður eftir “sérstöku mati” á bók eða grein sbr. grein A.c) í matsreglum skal rökstuðningur fylgja með árlegu framtali starfa eða í grunnmati. Sama á við ef óskað er eftir endurmati á eldra verki sbr. grein A.d) í matsreglum. Leiði endurmat á eldra verki til fjölgunar stiga hefur það ekki áhrif á greiðslur úr vinnumatssjóði.

Ritverk og annað útgefið efni starfsfólks Háskóla Íslands sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við opinberu háskólana felur hún einnig í séryfirlit um samstarf við aðila utan viðkomandi skóla og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

## A. Rannsóknir

### A1 Lokaritgerðir

*Hvaða efni:* Lokaritgerðir á meistara- og doktorsstigi.

*Hvaða fylgigögn:* Eintak af ritgerð þarf að fylgja.

*Hvernig lýsing:* við hvaða háskóla prófritgerð er skrifuð og hvenær, svo og titill, blaðsíðufjöldi og einingafjöldi ef við á.

### A2 Bækur

*Hvaða efni:* Fræðilegar bækur.

*Hvaða fylgigögn:* Eitt eintak af bók þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn handrit eða próförk.

*Hvernig lýsing:* Titill bókar, ártal, útgefandi, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn höfunda.

### A3 Bókarkaflar

*Hvaða efni:* Fræðilegir kaflar í bókum.

*Hvaða fylgigögn:* Ljósrit af bókarkafla ásamt ljósriti af forsíðu bókar og efnisyfirliti. Sérprent nægir einnig. Ef um mjög langa kafla er að ræða má senda inn alla bókin.

*Hvernig lýsing:* Titill bókarkafla, nafn bókar, útgáfuár, útgefandi, blaðsíðutal í bók og nafn/nöfn höfunda.

#### **A4 Tímaritsgreinar**

*Hvaða efni:* Greinar í ritrýndum tímaritum innanlands og erlendis. Í ársmati er miðað við að grein hafi komið út á undangengnu ári.

*Hvaða fylgigögn:* Tilvísun í grein á heimasíðu eða í gagnabanka nægir. Ef það er ekki hægt þarf ljósrit af grein og af forsíðu/titilsíðu tímarits og efnisyfirliti að fylgja framtali. Ekki nægir að senda inn handrit eða grein í próförk.

*Hvernig lýsing:* Titill greinar, nafn tímarits, útgáfuár og tölublað, útgefandi, blaðsíðutal í tímariti og nöfn höfunda og DOI eða tengill á grein eftir því sem við á. Öll nöfn höfunda þurfa að koma fram.

#### **A5 Greinar í ráðstefnuritum**

*Hvaða efni:* Greinar í ritrýndum ráðstefnuritum.

*Hvaða fylgigögn:* Tilvísun í heimasíðu/gagnabanka á vef. Ef það er ekki hægt þarf ljósrit af ráðstefnugrein ásamt ljósriti af forsíðu og efnisyfirliti ráðstefnuriti. Sjá lista yfir alþjóðlega ráðstefnugrunna hér:

[https://www.hi.is/sites/default/files/sverring/matskerfi\\_gagnagrunnar.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/sverring/matskerfi_gagnagrunnar.pdf)

*Hvernig lýsing:* Koma þarf fram frá hvaða ráðstefnu grein er (ekki skammstafað), hver heldur ráðstefnuna, hvar og hvenær hún er haldin. Eftirfarandi þarf að koma fram í færslu: Titill greinar, nafn ráðstefnurits, útgáfuár, nafn ráðstefnu, staður, dags. ráðstefnu, útgefandi, blaðsíðutal í riti og nafn/nöfn höfunda bókarkafla.

#### **A6 Fyrirlestrar og veggspjöld**

Stig fyrir erindi og veggspjöld eru veitt þeim sem flytur. Þó fá kennarar og sérfræðingar stig ef erindi/veggspjald er flutt/kynnt af stúdent þeirra og er stigafjöldi þá reiknaður samkvæmt almennt deilireglu og miðað við að höfundar séu tveir.

##### **Fyrirlestrar - almennt:**

*Hvaða efni:* Erindi á ráðstefnum málþingum, málstofum og fundum fyrir faghópa.

*Hvaða fylgigögn:* Dagskrá ráðstefnu eða fundar verður að fylgja. Boðsbréf þarf að fylgja framtali þegar um er að ræða plenumfyrirlestur eða inngangsfyrirlestur (A6.1) eða opinberan boðsfyrirlestur við erlendan háskóla (A6.2). Ekki þarf að senda inn útprentað erindi, en er þó heimilt. Plenumfyrirlestur á mjög stórri ráðstefnu (fleiri en 1.000 þátttakendur) má meta til 10 stiga.

*Hvernig lýsing:* Nafn erindis, nafn ráðstefnu, staður, dagsetning flutnings, nöfn höfunda og nafn flytjanda. Koma þarf fram hver heldur ráðstefnuna (ekki skammstafað) og hvar hún er haldin. Sé erindi flutt af nemanda þarf það að koma fram.

##### **Veggspjöld - almennt:**

*Hvaða efni:* Veggspjöld á ráðstefnum.

*Hvaða fylgigögn:* Dagskrá ráðstefnu þarf til staðfestingar á kynningu veggspjalds.

*Hvernig lýsing:* Titill veggspjalds, nafn ráðstefnu, staður, dagsetning kynningar, nafn/nöfn höfunda. Koma þarf fram hver heldur ráðstefnuna (ekki skammstafað) og hvar hún er haldin.

#### **A7 Fræðileg ritstjórn**

Einungis er átt við fræðilega ritstjórn ritrýndra tímarita og ritstjórn ritrýndra bóka. Með fræðilegri ritstjórn er átt við að ritstjórnarvinnan byggir á sérfræðipækkingu ritstjórans. Ekki er því um að ræða ritstjórn sem lýtur fyrst og fremst að frágangi texta.

### **Ritstjóri tímarits:**

*Hvaða efni:* Ritstjóri ritrýnds tímarits (ekki seta í ritstjórn en þó heimilt að veita 3 stig fyrir undir- eða meðritstjóra, svo sem landsritstjóra eða ritstjóra tiltekinna efnisflokka). Veitt eru þrjú stig fyrir ritstjórnarvinnu sem einkum felur í sér ákvörðun um birtingu efnis. Ef ritstjórn lýtur einnig að inntaki og efnistöfum einstakra greina, gagnrýni og fræðilegum athugasemdum, eru veitt þrjú stig til viðbótar. Sinni sami aðili hvoru tveggja er því heimilt að veita honum 6 stig fyrir hvert hefti. Heimilt er að meta þrjú hefti á ári til stiga í flokkum A4.1 og A4.2, tvö hefti á ári í flokki A4.3 og eitt hefti á ári í flokki A4.4.

*Hvaða fylgigögn:* Ljósrit af forsíðu tímarits og ljósrit af innsíðu þar sem upplýsingar um ritstjóra og ritstjórn koma fram eða tilvísun í heimasíðu þar sem þessar upplýsingar koma fram verður að fylgja umsókn.

*Hvernig lýsing:* Nafn tímarits, útgáfuár og útgáfunúmer, útgefandi, fjöldi tölublaða á árinu auk lýsingar á eðli ritstjórnarvinnu (ákvörðun um birtingu efnis og/eða inntak og efnistöfum einstakra greina, gagnrýni og fræðilegar athugasemdir)

### **Ritstjóri bókar:**

*Hvaða efni:* Fræðilegur ritstjóri ritrýndrar bókar sem hefur í senn ákvörðunarvald um birt efni og sinnir ritstjórn einstakra bókarkafla. Mat á ritstjórn fer enn fremur eftir umfangi bókar og flokkun hennar skv. A2. Unnt er að óska eftir sérstöku mati fyrir verulega umfangmikla ritstjórn, sbr. matsreglur.

*Hvaða fylgigögn:* Ljósrit af forsíðu bókar og ljósrit af innsíðu þar sem upplýsingar um ritstjórn koma fram eða tilvísun í heimasíðu þar sem þessar upplýsingar koma fram verður að fylgja umsókn. Ekki nægir að senda inn handrit eða próförk.

*Hvernig lýsing:* Titill bókar, ártal, útgefandi, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn ritstjóra.

## **A8 Skýrslur, ritdómar og þýðingar**

### **Skýrslur:**

*Hvaða efni:* Skýrsla þarf að hafa verið gefin út, hafa útgáfunúmer og vera aðgengileg á bókasafni eða á annan hátt. Skýrslur geta einnig verið metnar til þjónustustiga undir lið D4. Skýrslur sem eru afurð þjónusturannsókna falla að jafnaði undir flokk D. Mat á skýrslum miðast almennt við það að efni þeirra geti, ef tilefni er til, birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

*Hvaða fylgigögn:* Eintak af skýrslu/álitsgerð fylgi eða tilvísun í heimasíðu þar sem skýrsluna er að finna.

*Hvernig lýsing:* Nafn skýrslu, ártal, stofnun, blaðsíðufjöldi, útgáfunúmer eða númer í ritröð og nafn/nöfn höfunda.

### **Ritdómar:**

*Hvaða efni:* Birtir ritdómar í ritrýndum tímaritum. Með ritdómi er átt við fræðilega umfjöllun og gagnrýni, ekki stuttar efnislegar umsagnir um einstakar bækur eða rit.

*Hvaða fylgigögn:* Ljósrit af ritdómnum og ljósrit af titilsíðu tímarits og efnisyfirliti eða tilvísun í heimasíðu þar sem þessar upplýsingar koma fram. Ekki nægir að senda inn handrit eða grein í próförk.

*Hvernig lýsing:* Titill greinar, nafn bókar/efnis sem dæmt er og höfundur þess, nafn tímarits, ártal og tölublað, útgefandi, blaðsíðutal í tímariti og nöfn höfunda.

### **A8.3 og A8.4 Þýðingar á fræðilegum greinum og bókarköflum og á fræðibókum:**

*Hvaða efni:* Þýðing framteljanda á efni sem hefur verulegt fræðilegt gildi og telst vera á fræðasviði hlutaðeigandi. Þýðingar framteljanda á verkum annarra falla undir kafla A8.3 og A8.4.

*Hvaða fylgigögn:* Eitt eintak af verki þarf að fylgja. Ekki nægir að senda inn handrit eða próförk. Sé um að ræða þýðingu á grein eða bókakafla þarf að koma fram hvar hún birtist.  
*Hvernig lýsing:* Titill, nafn höfundar, ártal þýðingar, útgefandi þýðingar, blaðsíðutal/fjöldi, nafn þýðanda.

## **A9 Námsefnisgerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla**

### **A9.1 Námefnisgerð**

*Hvaða efni:* námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla ef það uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Inntak námsgagna er á rannsóknasviði höfundar.
  2. Námsgögn bera með sér að frumrannsókn hafi farið fram.
  3. Námsgögnin eru ritrýnd af sérfræðingum og gefin út af virtum útgefanda.
  4. Markmið, aðferðir og ferli námsefnisgerðarinnar kemur fram í gögnum hennar, t.d. í kennsluleiðbeiningum eða í greinargerð sem höfundur lætur fylgja.
- Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt er námsefni metið til þjónustustiga.

*Hvaða fylgigögn:* Námsefni, kennsluleiðbeiningar og greinargerð eftir atvikum.

*Hvernig lýsing:* Titill námsefnis, ártal, útgefandi, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn höfunda.

## **A10 Nýsköpun og yfirfærsla þekkingar**

*Hvaða efni:* Við mat á nýsköpun og þekkingaryfirfærslu er gerð rík krafa um tengsl við rannsóknir, frumleika og nýsköpun þekkingar. Mat í þessum flokki tekur einnig til listsköpunar í akademísku samhengi. Nýsköpun og þekkingaryfirfærslu er einnig heimilt að meta til þjónustustiga.

*Hvaða fylgigögn:* Staðfesting á birtingu verður að fylgja eitt eintak af verki ef við á. Koma þarf fram í innsendum gögnum hvaða þátt viðkomandi á í verki.

*Hvernig lýsing:* Titill, ártal, útgefandi, blaðsíðutal, nafn höfundar, greinargerð og annað eftir því sem við á.

### **A10.1 Þátttaka í hönnunar- og skipulagssamkeppni**

Átt er við hönnunar- og skipulagssamkeppni sem haldin er á vegum opinberra aðila eða viðurkenndra fagfélaga á viðkomandi sviði. Þátttaka í slíkum keppnum er aðeins metin til stiga ef tillagan er dæmd gild og er hluti af sýningu á viðkomandi hönnunartillögum. Komist tillagan í úrslit eða er keypt að hluta eða í heild tvöfaldast stigin. Fylgja þarf staðfesting á að um gilda tillögu sé að ræða, auk staðfestingar á að hún hafi komist í úrslit ef það á við. Ávallt skal fylgja greinargerð um framlag starfsmanns til verksins. Mat grundvallast á umfangi verkefna.

### **A10.2 Rannsóknarhugbúnaður**

Aðeins er metinn til stiga rannsóknarhugbúnaður sem felur í sér þekkingarsköpun og/eða nýjar lausnir í hugbúnaðargerð. Hugbúnaðurinn skal vera fáanlegur og nothæfur af öðrum í opnum aðgangi (open source) eða sem söluvara. Rannsóknarhugbúnaði skal fylgja ritrýnd vísindagrein, sem hefur birst í tímariti sem fellur undir skilyrði kafla A4.

*Hvaða efni:* Rannsóknarhugbúnaður sem; 1) felur í sér þekkingarsköpun og/eða nýjar lausnir í hugbúnaðargerð, 2) er fáanlegur í opnum aðgangi eða sem söluvara og 3) hefur fengið umfjöllun í ritrýndri vísindagrein sem hefur birst í tímariti sem fellur undir kafla A4.

*Hvaða fylgigögn:* 1) Greinargerð með lýsingu á rannsóknarhugbúnaði, 2) upplýsingar um opinn aðgang eða söluaðila, 3) hlekkur á vísindagrein.

*Hvernig lýsing:* 1) Nafn hugbúnaðar, 2) nafn/nöfn höfunda, 3) stærð hugbúnaðar og birtingarform.

### **A10.3 Sálfræðipróf og sambærileg mælitæki**

*Hvaða efni:* Próf sem eru útgefin og aðgengileg og fela í sér rannsóknavinnu sem ekki birtist á öðru formi.

*Hvaða fylgigögn:* Afrit af sálfræðiprófi.

*Hvernig lýsing:* Nafn prófs, nafn/nöfn höfunda, útgáfuaðili, blaðsíðutal.

### **A10.4 Lagafrumvörp**

*Hvaða efni:* Aðeins eru metin til stiga lagafrumvörp sem fela í sér frumrannsóknir og rannsóknavinnu sem ekki hefur birst á öðru formi. Heimilt er að meta vinnu við lagafrumvörp sem ekki uppfylla framangreint skilyrði til þjónustustiga. Í sumum tilvikum felur gerð lagafrumvarpa í sér umtalsverða rannsóknavinnu. Undir slíkum kringumstæðum er heimilt að meta þau til allt að 10 stiga. Höfundur þarf að óska sérstaklega eftir slíku mati með rökstuðningi. Mat á lagafrumvörpum miðast almennt við það að efni þeirra geti, ef tilefni er til, birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þegar ekki kemur fram í lagafrumvarpi hver eða hverjir höfundar þess eru þarf staðfesting á því að fylgja framtali.

*Hvaða fylgigögn:* útprentað frumvarp eða tilvísun á vef, staðfesting á höfundarhlutdeild og greinargerð ef við á.

*Hvernig lýsing:* Nafn/nöfn höfunda, titill lagafrumvarps, dagsetning.

### **A10.5 Einkaleyfi**

*Hvaða efni:* Við innlögn forgangsréttarumsóknar (fyrstu umsóknar sem lýsir nýrri tækni) fást 5 stig og 10 viðbótarstig ef lögð er inn alþjóðleg PCT einkaleyfisumsókn eða landsbundin umsókn sem byggir á forgangsréttarumsókninni innan 12 mánaða. Ekki eru veitt stig fyrir endurinnlögn einkaleyfisumsóknar hafi hún áður fengið stig.

*Hvaða fylgigögn:* Vísindasvið aflar staðfestinga á einkaleyfum.

*Hvernig lýsing:* Nafn einkaleyfis, nöfn höfunda, númer einkaleyfisumsóknar/einkaleyfis.

### **A10.6 Þróunarstarf í skólum og öðrum skipulagsheildum**

*Hvaða efni:* Þróunarstarf í skólum sem byggist á rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Um er að ræða þróunarverkefni sem fela í sér yfirfærslu nýrrar þekkingar á vettvangi skólustarfs. Þróunarverkefni eru metin að þeim loknum. þarf að liggja skilgreining á verkefninu og áætlun um framkvæmd þess. Gera þarf grein fyrir því hvernig þróunarverkefnið tengist rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Við mat á þróunarverkefni er auk framangreinds litið til þess hve víðtækt verkefnið er og hvort jafningjamat hafi farið fram. Uppfylli þróunarverkefni ekki framangreind skilyrði er heimilt að meta það til þjónustustiga.

*Hvaða fylgigögn:* Gera þarf grein fyrir því hvernig þróunarverkefnið tengist rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Staðfesting frá þriðja aðila.

*Hvernig lýsing:* Nafn verkefnis, nafn/nöfn starfsmanna verkefnis, umfang, lokadagsetning.

### **A10.7 Nýsköpun í listum**

*Hvaða efni:* Listsýningar (einkasýningar eða samsýningar), tónsmíð eða leikverk sem flutt eru opinberlega, tónlistarflutningur og leiktúlkun.

*Hvaða fylgigögn:* Staðfesting á starfi þarf að fylgja umsókn, s.s. afrit af dagskrám eða staðfesting 3ja aðila.

*Hvernig lýsing:* Eftir eðli nýsköpunarinnar.

### **A11 Tilvitnanir.**

*Hvaða efni:* Tilvitnanir í Web of Science eða Scopus að vali starfsmanns. Scopus er notað ef hvorugur grunnanna er valinn. Tilvitnanaleit er alltaf gerð í grunnmati, en eftir það er hægt að óska eftir nýrri talningu í ársmati.

*Hvaða fylgigögn:* Engin.

*Hvernig lýsing:* Engin.

### **A12 Styrkir úr samkeppnisjóðum**

*Hvaða efni:* Miðað er við árlega heildarupphæð styrkja úr rannsóknasjóðum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem bókfærðir eru í bókhaldskerfi viðkomandi háskóla eða tengdra stofnana hans. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær einn stigin nema ef samkomulag styrkþega kveður á um annað. Stig vegna styrkja koma ekki til greiðslu úr vinnumatssjóðum, svo sem Ritlauna- og rannsóknasjóði.

*Hvaða fylgigögn:* Vísinda- og nýsköpunarsvið aflar staðfestinga úr bókhaldskerfi viðkomandi háskóla, eða tengdra stofnana. Undirritað samkomulag um skiptingu stiga fyrir styrki, ef við á.

*Hvernig lýsing:* Nafn sjóðs, upphæð styrks.

## **B. Kennsla**

### **B1. Kennslureynsla**

*Hvaða efni:*

- Kennsla á háskólastigi. Kennarar fá kennslustig í samræmi við starfshlutfall.
- Kennsla annara starfsmanna við háskóla og í akademískum skiptiáætlunum er einnig metin til stiga.
- Sbr. matsreglu B1.2 eru 2 stig gefin fyrir kennslu námskeiðs að fullu, óháð hvort um umsjón hafi verið að ræða. Jafnframt er 1 stig gefið fyrir að kenna amk. 50% námskeiðs.
- Kennsla bæði aðjúnkta 1 og aðjúnkta 2 er metin skv. matsreglu B1.1.

*Hvaða fylgigögn:* Óþarfi.

*Hvernig lýsing:* Óþörf fyrir adjunkta, lektora, dósentana og prófessora. Fyrir kennslu annarra og kennslu í akademískum skiptiáætlunum þurfa að koma upplýsingar um nafn námskeiðs, fjölda eininga og hlutdeild í kennslunni (umsjón og/eða kennsla að hluta eða öllu leyti).

### **B2. Kennslurit, kennslubækur eða kennsluefni á vef**

*Hvaða efni:* Frumsamið kennsluefni til háskólakennslu. Efni á eigin heimasíðum er ekki metið til stiga. Dæmi um efni sem metið er til stiga í þessum flokki:

- Alþjóðleg útgáfa kennslubókar hjá virtri útgáfu.
- Önnur alþjóðleg útgáfa.
- Útgefin kennslubók hjá íslensku forlagi/útgáfu.
- Alþjóðlegt kennsluefni á opinberum vef sem ætlað almenningi (t.d. EdEX)
- Viðamikil kennsluefni á opinberum vef sem nýtist nemendum opinberu háskólanna jafnt sem á almennum vettvangi.

*Hvaða fylgigögn:* Eitt eintak af frumsömdu verki eða tilvísun í heimasíðu.

*Hvernig lýsing:* Titill, útgáfu- eða birtingarár, dreifingaraðili, blaðsíðufjöldi, nafn/nöfn höfundana.

### **B3. Leiðbeining stúdenta og andmæli**

*Hvaða efni:* Aðkoma að leiðbeiningu stúdenta á grunn-, meistara- og doktorsstigi. Starfinu verður að vera lokið til þess að það sé metið til stiga. Leiðbeining MBA og MPM nema er metin á sama hátt og leiðbeining BA/BS nema enda um sambærilegan einingafjölda að ræða. Einungis leiðbeining frá 2020 og síðar er metin til stiga í flokki B3.5. Ef tveir eða fleiri aðalleiðbeinendur eru að ritgerð deilast stigin milli þeirra (ekki fjölgögnaregla). Veitt eru stig fyrir hvert leiðbeint verkefni, óháð því hversu margir nemendur séu skráðir á lokaverkefni. Stigum vegna leiðbeiningu doktorsnema er deilt á milli aðalleiðbeinenda og meðleiðbeinenda, ef því er að skipta, en seta í doktorsnefnd er metin til stiga í flokki B3.3.

*Hvaða fylgigögn:* Ekki þarf að senda fylgigögn ef um leiðbeiningin hefur verið forskráð á framtalsvef. Ef leiðbeining hefur ekki verið forskráð á framtalsvef þarf ljósrit af titilsíðu og efnisyfirliti prófritgerðar að fylgja skýrslu og/eða önnur staðfesting.

*Hvernig lýsing:* Nafn nemanda, titill ritgerðar, nafn stofnunar, blaðsíðufjöldi, einingafjöldi. Auk þess nafn/nöfn leiðbeinenda eða meðlima í doktorsnefnd eftir því sem við á.

### **B4. Nýsköpun í kennslu (Kennsluvið með hlutverk við að skilgreina)**

#### **B4.1 Almenn nýmæli í kennslu**

- Skipulagning nýrra námskeiða þar sem byggt er á grunni fræðimennsku í námskrágerð.
- Umsjón með skipulagningu nýrra námsleiða með aðkomu kennara og sérfræðinga og byggt er á fræðilegum grunni námskrágerðar.
- Viðamikil endurskipulagning námskeiða sem unnin er af kennara/kennurum námskeiðs.
- Umsjón með endurskipulagning námsleiðar sem krefst samstarfs og samvinnu kennara námsleiðarinnar og aðkomu sérfræðinga.

#### **B4.2 Árangursrík umsókn um kennsluafslátt til kennsluþróunar**

#### **B4.3 Árangursrík umsókn í kennslumálasjóð**

#### **B4.4 Kennsluakademía (stig veitt í tengslum við inntöku)**

#### **B4.5 Kennsluferilsskrá**

#### **B4.6 Þróun námskeiðs sem er jafnframt í boði við erlenda háskóla**

#### **B4.7 Námskeið í kennslufræði**

*Hvaða efni:* Vinna við nýsköpun í kennslu og kennsluháttum, svo sem skipulagningu og skilgreiningu nýrra námsleiða, endurskipulagningu námskeiða, skilgreiningu nýrra námskeiða, þróun kennsluáferða, gerð verkefnabanka og fleira.

*Hvaða fylgigögn:* Stutt skýrsla fylgi um starfið, hálf til ein blaðsíða. Staðfesting á þróunarstarfi frá þriðja aðila, til dæmis deildarforseta, þarf að fylgja umsókn.

*Hvernig lýsing:* Lýsing á verkefni og eðli þess.

## **C. Stjórnun**

*Hvaða efni:* Skilgreind stjórnunarstörf á vegum háskóla er metin í c lið matsreglnanna. . Ekki þarf að skila inn fylgigögnum vegna þessara liða ef um er að ræða störf innan ríkisháskóla en staðfesting frá háskóla þarf að fylgja vegna stjórnunarstarfa við aðra háskóla.

C4 Forstöðumennska rannsóknastofnana eru metin til stiga í samræmi við viðauka I. Miðað er við að reglur séu til um viðkomandi stofnun, samþykktar af háskólaráði eða gefnar út af ráðuneyti.

C5.1 Störf deildarforseta við Háskóla Íslands eru metin í samræmi við viðauka II.

C3 og C14 Starfsnefndir sviða. Helstu starfsnefndir fræðasviða, sem eru sameiginlegar öllum sviðum, eru Jafnréttisnefnd, Kennslunefnd (Kennslumálanefnd) og Vísindanefnd og er seta í þeim nefndum metin til stiga í þessum matsflokkum.

*Hvernig lýsing:* Koma þarf fram í færslu á hvaða tímabili starfið var innt af hendi.

## D. Þjónusta

### D1. Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu

*Hvaða efni:* Formennska í alþjóðlegri ráðstefnunefnd/seta í ráðstefnunefnd.

*Hvaða fylgigögn:* Dagskrá ráðstefnu með upplýsingum um skipulagsaðila.

*Hvernig lýsing:* Nafn ráðstefnu, hver heldur hana (ekki skammstafað), hvar hún er haldin og hvenær. Þá verður að koma skýrt fram hvert hlutverk starfsmanns var í skipulagningunni.

### D2. Opinber matsstörf

*Hvaða efni:* Seta í opinberum matsnefndum, tímabundið afmarkað verkefni.

*Hvaða fylgigögn:* Staðfesting á starfinu frá þriðja aðila.

*Hvernig lýsing:* Nafn nefndar/stjórnar, hlutverk og starfstímabil.

### D3. Seta í nefndum eða stjórnnum

*Hvaða efni:* Seta í nefndum og stjórnnum á vegum opinberra aðila, alþjóðastofnana og alþjóðlegra vísindafélaga

*Hvaða fylgigögn:* Staðfesting á starfinu frá þriðja aðila.

*Hvernig lýsing:* Nafn nefndar/stjórnar, staða viðkomandi starfsmanns og starfstímabil.

### D4. Álitsgerðir og skýrslur

*Hvaða efni:* Skýrslur gefnar út án formlegrar ritrýni eða óútgefnar skýrslur og álitsgerðir sem birtast á vegum eða fyrir aðila utan viðkomandi háskóla. Skýrsla verður vera aðgengileg öðrum fræðimönnum til þess að hægt sé að meta hana til stiga.

*Hvaða fylgigögn:* Afrit af skýrslu þarf að fylgja eða tilvísun á vef.

*Hvernig lýsing:* Nafn skýrslu, ártal, stofnun, blaðsíðufjöldi, útgáfunúmer eða númer í ritröð (ef við á) og nafn/nöfn höfundu.

### D5 Vísindamiðlun á fagsviði starfsmanns

*Hvaða efni:* Ritun og/eða miðlun efnis sem hlutaðeigandi háskólafólk tekur að sér í krafti fræðilegrar sérþekkingar sinnar (dagblöð, tímarit, útvarp, sjónvarp eða aðrir miðlar).

*Hvaða fylgigögn:* Staðfesting á flutningi/birtingu þarf að fylgja umsókn eftir því sem við á

*Hvernig lýsing:* Í samræmi við eðli framlags efnis.

### D6. Sprotafyrirtæki og nytjaleyfissamningar

*Hvaða efni:* Sprotafyrirtæki sem stofnuð eru af einum eða fleiri starfsmönnum með eignarhluta viðkomandi háskóla og nytjaleyfissamningum um hagnýtingu á tiltekinni þekkingu sem verður til innan viðkomandi háskóla.

*Hvaða fylgigögn:* Greinargerð um starfið.

*Hvernig lýsing:* Koma þarf fram hvaða áhrif sprotafyrirtækið/nytjaleyfissamningurinn hefur haft á samfélagið og framlag starfsmanns til fyrirtækisins/nytjaleyfissamningsins.

D6.1 Veruleg áhrif á alþjóðavísu (20-50 stig)



Sprotafyrirtækið eða nytjaleyfissamningurinn hefur veruleg áhrif á alþjóðavísu, og Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla hafa haft veruleg og sýnileg áhrif á starf sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 50 stig

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla hafa haft nokkur og sýnileg áhrif á starf sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 40 stig

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla eru mikilvægur og sannanlegur liður í þróun sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 30 stig

Aðkoma starfsmanns hjá háskóla hefur haft sannanleg áhrif á sprotafyrirtækið eða nytjaleyfishafann, t.d. með ráðgjöf, samstarfi, leiðbeiningu nemenda, vísindaráði eða annað: 20 stig

#### D6.2 Nokkur áhrif á alþjóðavísu (5-30 stig)

Sprotafyrirtækið eða nytjaleyfissamningurinn hefur nokkur áhrif á alþjóðavísu, og Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla hafa haft veruleg og sýnileg áhrif á starf sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 30 stig

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla hafa haft nokkur og sýnileg áhrif á starf sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 20 stig

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla eru mikilvægur og sannanlegur liður í þróun sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 10 stig

Aðkoma starfsmanns hjá háskóla hefur haft sannanleg áhrif á sprotafyrirtækið eða nytjaleyfishafann, t.d. með ráðgjöf, samstarfi, leiðbeiningu nemenda, vísindaráði eða annað: 5 stig

#### D6.3 Veruleg áhrif fyrir Ísland og/eða einstaka lönd (5-30 stig)

Sprotafyrirtækið eða nytjaleyfissamningurinn hefur veruleg áhrif fyrir Ísland og/eða einstaka lönd, og

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla hafa haft veruleg og sýnileg áhrif á starf sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 30 stig

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla hafa haft nokkur og sýnileg áhrif á starf sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 20 stig

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla eru mikilvægur og sannanlegur liður í þróun sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 10 stig

Aðkoma starfsmanns hjá háskóla hefur haft sannanleg áhrif á fyrirtækið eða nytjaleyfishafann, t.d. með ráðgjöf, samstarfi, leiðbeiningu nemenda, vísindaráði eða annað: 5 stig

#### D6.4 Nokkur áhrif fyrir Ísland og/eða einstaka lönd (2-20 stig)

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla hafa haft veruleg og sýnileg áhrif á starf sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 20 stig

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla hafa haft nokkur og sýnileg áhrif á starf sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 10 stig

Rannsóknir starfsmanns hjá háskóla eru mikilvægur og sannanlegur liður í þróun sprotafyrirtækisins eða nytjaleyfishafans: 5 stig  
Aðkoma starfsmanns hjá háskóla hefur haft sannanleg áhrif á sprotafyrirtækið eða nytjaleyfishafann, t.d. með ráðgjöf, samstarfi, leiðbeiningu nemenda, vísindaráði eða annað: 2 stig

#### **D7. Styrkir frá öðrum en samkeppnisjóðum**

*Hvaða efni:* Miðað er við árlega heildarupphæð styrkja frá aðilum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem bókfærðir eru í bókhaldskerfi viðkomandi háskóla eða tengdra stofnana hans. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær einn stigin nema ef samkomulag styrkþega kveður á um annað. Stig vegna styrkja koma ekki til greiðslu úr vinnumatssjóðum, svo sem Ritlauna- og rannsóknasjóði. Þá eru ekki veitt stig fyrir fyrri styrki í grunnmati.

*Hvaða fylgigögn:* Vísindasvið aflar staðfestinga úr bókhaldskerfi viðkomandi háskóla, eða tengdra stofnana. Undirritað samkomulag um skiptingu stiga fyrir styrki, ef við á.

*Hvernig lýsing:* Nafn sjóðs, upphæð styrks.

### **E. Fyrri störf (vegna grunnmats)**

*Hvaða efni:* Metin er starfsreynsla í fyrri störfum sem falla utan þeirra starfa sem áður eru talin, enda sé hún á fræðasviði kennarans eða sérfræðingsins og nýtist í því starfi. Störf nýðkora eru jafnframt metin til stiga. Almennt er miðað við starfsreynslu frá lokum meistaraáráðu. Athugið að fyrri starfsreynsla er einungis metin í grunnmati.

*Hvaða fylgigögn:* Engin.

*Hvernig lýsing:* Nafn vinnustaðar, starfsheiti, starfstímabil og starfshlutfall.

### **F. Föst árleg stig**

*Hvaða efni:* Starfsreynslustig sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna með 40 – 80% rannsóknaskyldu eru metin í þessum lið. Starf nýðkora telur ekki til stiga þar sem eingöngu er um rannsóknastarf að ræða.

*Hvaða fylgigögn:* Eftir því sem við á.

*Hvernig lýsing:* Eftir því sem við á.

### **G. Frávik**

Hér er hægt að meta atriði sem ekki eru metin í öðrum hlutum matskerfisins.

### **Málskotsnefnd**

Uni starfsmaður ekki niðurstöðu matsins getur hann vísað henni til áfrýjunarnefndar um vinnumat. Frestur til að áfrýja eru þrjú mánuðir frá niðurstöðu vinnumatsnefndar. Nefndin tekur einungis afstöðu til mats á einstökum verkum sem vísa skal til nefndarinnar með skriflegu erindi. Kröfur um endurmat skulu vera skýrar og vel rökstuddar og þurfa öll nauðsynleg gögn að fylgja. Nefndin er skipuð af stjórn matskerfisins til þriggja ára í senn. Nefndin setur sér verklagsreglur með frekari upplýsingum.

Erindi til nefndarinnar skulu berast á netfangið [malskotnefnd@hi.is](mailto:malskotnefnd@hi.is)

## Viðauki I

# Stofnanir Háskóla Íslands

### Félagsvísindasvið

- [Félagsvísindastofnun](#)
  - [Reglur um Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reglur nr. 370 dagsett: 6. apríl 2009](#)
- [Hagfræðistofnun](#)
  - [Stofnunin starfar samkvæmt reglum númer 551/2010 um Hagfræðistofnun Háskóla Íslands](#)
- [Lagastofnun](#)
  - [Reglur um Lagastofnun Háskóla Íslands, nr. 547/2010](#)
- [Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni](#)
  - [Reglur um Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni nr. 570/2009](#)
- [Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands](#)
  - [Reglur nr. 546 15. júní 2010](#)
- [Alþjóðamálastofnun](#)
  - [Reglur um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, nr. 550/2010](#)
- [Viðskiptafræðistofnun](#)
  - [Reglur um Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands, nr. 548/2010](#)

### Heilbrigðisvísindasvið

[Reglur um Heilbrigðisvísindastofnun Háskóla Íslands, nr. 200/2019](#)

- [Reglur um Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við HÍ og LSH, nr. 542/2010](#)
- [Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands, nr. 545/2010](#)
- [Lífvísindasetur Háskóla Íslands](#) , Reglur nr. 1145/2011
- [Sálfræðistofnun Háskóla Íslands](#) , Reglur nr. 554/2010
- [Tannlækningastofnun Háskóla Íslands, nr. 544/2010](#)

[Reglur um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands, nr. 543/2010](#)

[Reglur Miðstöðvar í heilbrigðisvísindum \(Reglur um meistara- og doktorsnám í lýðheilsuvísindum við Háskóla Íslands, nr. 977/2018\)](#)

### Hugvísindasvið

[Reglur um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, nr. 1022/2009:](#)

- Bókmennta- og listfræðastofnun
- Guðfræðistofnun
- Heimspekistofnun
- Málvísindastofnun
- Sagnfræðistofnun
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum

## **RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (undir Hugvísindastofnun)**

*Starfsreglur þessar, sem stjórn Hugvísindastofnunar hefur sett að fengnu samþykki stjórnar Hugvísindasviðs, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglna um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands nr. 1022/2009 taka gildi 30. janúar 2015. Við breytingar á starfsreglum þessum skal haft samráð við rektor.*

### **Siðfræðistofnun**

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að fenginni tillögu stjórnar Hugvísindasviðs og á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, öðlast gildi 1. janúar 2010. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 281/2006, um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, reglur nr. 731/2001, um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, með síðari breytingum og reglur nr. 737/2001 um Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, með síðari breytingum.

- [EDDA – öndvegissetur](#)
  - Engar reglur til samþykktar af háskólaráði

## **Menntavísindasvið**

- [Menntavísindastofnun](#)
  - [Reglur um Menntavísindastofnun nr. 1023/2009](#)

## **Verkfræði- og náttúruvísindasvið**

- Reglur um Jarðvísindastofnun Háskólans (ekki samþykkt í hásk.ráði)
- [Reglur um Líf- og umhverfisvísindastofnun Háskólans, nr. 554/2011](#), gilda frá 12. maí 2011
- [Reglur um Raunvísindastofnun, nr. 685/2011](#) gilda frá 22. júní 2011
- [Reglur um Verkfræðistofnun, nr. 555/2011](#)

## **Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands**

### [Reglur um Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands,\] nr. 480/2010](#)

<b>Austurland</b>	<b>Norðurland vestra</b>	<b>Suðurnes</b>
<b>Breiðdalsvík</b>	<b>Strandir</b>	<b>Vestfirðir</b>
<b>Hornafjörður</b>	<b>Snæfellsnes</b>	<b>Vestmannaeyjar</b>
<b>Húsavík</b>	<b>Suðurland</b>	

## **Stofnun Sæmundar fróða**

### [Reglur fyrir Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir við Háskóla Íslands, nr. 549/2010](#)

## **Aðrar stofnanir (utan HÍ):**

**Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum**

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

## Viðauki II

Deild	Stig
Viðskiptafræðideild	50
Læknadeild	50
Íslensku- og menningardeild	40
Félags- og mannvísindadeild	40
Hjúkrunarfræðideild	40
Mála- og menningardeild	40
Iðnaðarv.fr.-, vélav.fr.- og tölv.fræðid.	40
Líf- og umhverfsvísindadeild	40
Raunvísindadeild	40
Félagsráðgjafardeild	30
Lagadeild	30
Stjórn málafræðideild	30
Sálfræðideild	30
Sagnfræði- og heimspekideild	30
Jarðvísindadeild	30
Hagfræðideild	30
Lyfjafræðideild	30
Matvæla- og næringarfræðideild	30
Tannlæknadeild	30
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	30
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	30
Umhverfis- og byggingarverkfr.deild	30
Deild faggreinakennslu	30
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	30
Deild kennslu- og menntunarfræði	30
Deild menntunar og margbreytileika	30